

Alþingi
Erindi nr. P 132/1895
komudagur 26.4.2006



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS
SLÖNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6899 – www.vfa.is

Félagamálanefnd Alþingis.

Umsögn Verkalýðsfélags Akraness um frumvarp félagsmálaráðherra um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkum Evrópusambandsins þ.e. breyting á lögum nr. 47/1993 og lögum nr. 97/2002.

Verkalýðsfélag Akraness hefur tekið frumvarpið efnislega til athugunar og leyfir sér að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

A.

Rökin sem lágu að baki frestun á gildistöku ákvæða reglugerðar nr. 1612/68 EBE árið 2004 og fram komu í frumvarpi ríkisstjórnarinnar á sínum tíma eru enn til staðar. “*Flest hinna nýju aðildarríkja standa þeim ríkjum sem fyrir eru nokkuð að baki í efnahagslegu tilliti og hvað varðar þróun markaðsbúskapar. eru lífskjör almennings í þessum ríkjum almennt nokkuð lakari en meðal núverandi aðildarríkja. Hafa því margir velt því fyrir sér hvers konar áhrif óheftur aðgangur ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja að vinnumörkuðum núverandi aðildarríkja kunni að hafa á þróun mála er varða vinnumarkaðinn sérstaklega, svo sem laun og ýmis félagsleg réttindi. Enn fremur má ætla að líkur séu á því fámenn ríki geti orðið fyrir hlutfallslega meiri áhrifum ef mörg hinna fjölmennari ríkja ákveða að beita takmörkunum en hin smærri verða opin.*”

Ljóst er að verulegur fjöldi fólks frá þeim löndum sem frestunin náði til hefur starfað hér á landi á grundvelli atvinnuleyfa eða fyrir milligöngu starfsmannaleiga. Engin úttekt eða rannsókn hefur farið fram á því hvaða áhrif þetta hefur haft á íslenskan vinnumarkað. Fyrst við ákvörðun um niðurfellingu frestunarinnar er ákveðið er að skipa starfshóp með aðilum vinnumarkaðarins til að fara yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Það er hins vegar reynsla Verkalýðsfélags Akraness að mikill meiri hluti þess fólks sem kemur hér til starfa frá láglaunasvæðum vinni á lágmarkslaunum sem eðlilega leiðir af sér pressu frá atvinnurekendum um lækkun þeirra markaðslauna sem almennt gilda á íslenskum vinnumarkaði og verkalýðshreyfingin hefur í áratugi verið að berjast fyrir.

Athygli er jafnframt vakin á því að í þeim ríkum sem nú stendur til að veita aðgang að íslenskum vinnumarkaði er í flestum tilvikum verulegt atvinnuleysi. Þessi staða ásamt því að ýmis fjölmenn ríki Evrópska efnahagssvæðisins hafa ákveðið að beita takmörkunum áfram hlýtur að kalla á verulegt aukið framboð erlends vinnuafls hér á landi. Er líklegt að þetta aukna framboð á starfsfólki frá láglaunasvæðum ýti enn frekar undir lækkun markaðslauna, gerviverktöku og atvinnuleysi meðal Íslendinga.

Vegna þessa telur Verkalýðsfélag Akraness íslenskan vinnumarkað alls ekki tilbúinn nú til að taka við auknu flæði launafólks. Eðlilegt sé að gildistöku reglnanna sé frestað þar til að úttekt hafi verið gerð á því hvaða áhrif aukið framboð erlends launafólks frá

láglaunasvæðum hefur og fyrir liggja mótaðar reglur, m.a. frá aðilum vinnumarkaðarins, um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Er jafnframt vísað til ályktana frá fjölmörgum verkalýðsfélögum og heildarsamtökum þeirra þar sem frumvarpi þessu er mótmælt.

B.

Ef vilji löggjafans stendur til þess að afnema takmörkun á reglugerð nr. 1612/68/EBE um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins vill Verkalýðsfélag Akraness koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1.

Tryggt verði að fyrirtæki sem nýta erlent vinnuafli greiði laun og önnur starfskjör í samræmi við það sem gildir almennt á íslenskum vinnumarkaði en ekki einungis lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum.

2.

Viðkomandi stéttarfélag fái skýra heimild til þess að afla gagna hjá atvinnurekendum sem hafa erlent vinnuafli í sinni þjónustu, t.d. ráðningarsamninga, tímaskriftir og launaseðla og það án þess að grunur um brot sé til staðar. Reynslan sýnir að erlent starfsfólk veit almennt lítið um réttindi sín á íslenskum vinnumarkaði og veigrar sér við að leita aðstoðar verkalýðsfélaganna. Dæmin sanna einnig að einstaka atvinnurekendur hafa nýtt sér þessa vankunnáttu. Ljóst er að á stéttarfélögum hvílir skylda til að tryggja að á félagssvæði þeirra sé unnið samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum og hafa þau viðtæka hagsmuni af því að svo sé gert. Er með öllu óskiljanlegt ef ekki er vilji til að notfæra sér þessa eftirlitsleið. Stéttarfélögin hafa á að skipa starfsfólki með viðtæka reynslu í túlkun kjarasamninga og með þekkingu á hinum ýmsu sérkjarasamningum sem í gildi eru. Er hins vegar ólíklegt nema með stóráuknu fjárframlagi að Vinnuálastofnun geti sinnt ætluðu eftirlitshlutverki sínu.

Er athygli vakin á því að við veitingu atvinnuleyfa hefur viðkomandi verkalýðsfélag umsagnarrétt og fær í hendur ráðningarsamning og getur þannig tryggt að unnið verði samkvæmt gildandi kjarasamningum ef atvinnuleyfi verður veitt. Ef frumvarpið verður að lögum óbreytt er ljóst að þetta eftirlit stéttarfélaganna hverfur varðandi vinnuafli frá þeim nýju aðildarríki sem áður sættu takmörkunum, það er því miður staðreynd.

Akranesi, 26. apríl 2006

F.h. Verkalýðsfélags Akraness

Vilhjálmur Birgisson, formaður stjórnar.